

*Tilnefning í nefndir samkvæmt 11. gr. og 18. gr. starfsreglna um kjör til kirkjuþings
nr. 8/2021 – 2022*

Úr starfsreglunum:

11. gr. Framboð og kynningar til kosningar kirkjuþings. Kjörstjórn auglýsir á vefsvæði þjóðkirkjunnar og á öðrum fréttamiðlum eigi síðar en 25. febrúar á því ári sem kjósa skal eftir framboðum til kirkjuþings. Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 15. mars það ár sem kjósa skal. Kjörstjórn getur óskað eftir því að sá sem hyggst bjóða sig fram, framvísi staðfestingu eða gefi kjörstjórn heimild til að afla gagna er sýni kjörgengi hans, sbr. 7. gr. Frambjóðendur í hverju kjördæmi skulu ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamanna til samans, annars vegar í kjördæmi vígðra og hins vegar leikmanna. Ef ekki berast nægilega mörg framboð skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera **uppstillingarnefnd** kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 31. mars það ár sem kjósa skal, ásamt samþykki hlutaðeigandi. Prófastar tryggi, að fram fari kynning á frambjóðendum í prófastsdæminu.

18. gr. Uppstillingarnefnd.

Kirkjuþing kýs uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar. Í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar eru níu menn einn úr hverju prófastsdæmi. Kirkjuþing kýs í nefndina til fjögurra ára á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega úr hópi nefndarmanna. Forsætisnefnd kirkjuþings skipar þá sem kirkjuþingsfulltrúar kusu í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar. Í uppstillingarnefnd skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né starfsmenn eða starfsfólk í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni. Uppstillingarnefnd er ályktunarhæf ef minnst 2/3 nefndarmanna mæta á fund. Nefndinni er heimilt að nota fjarfundarbúnað í störfum sínum. Uppstillingarnefnd færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir. Aðsetur nefndarinnar skal vera á biskupsstofu sem sér henni fyrir aðstöðu og þjónustu. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist af þjóðkirkjunni.

**Tilnefningar forsætisnefndar 2025 í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar skv. 18. gr.
starfsreglna um kjör til kirkjuþings.**

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Egill Heiðar Gíslason, Laugarnessókn

Reykjavíkurrófastsdæmi eystra

Níels Árni Lund, Grafarholtssókn

Kjalarnesrófastsdæmi

Elín Jóhannsdóttir, Bessastaðasókn

Vesturlandsrófastsdæmi

Magnús Ingi Bæringsson, Stykkishólmssókn

Vestfjarðarófastsdæmi

Hlynur Hafberg Snorrason, Ísafjarðarsókn

Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi

Jóhanna Magnúsdóttir, Bólstaðarhlíðarsóknar

Eyjafjarðar- og Þingeyjarófastsdæmi

Jóhann Hjaltal Þorsteinsson, Lögmannshlíðarsókn

Austurlandsrófastsdæmi

Ólafur Eggertsson Berunessókn

Suðurrófastsdæmi

Björn Ingi Gíslason, Selfossókn